

Eins og fram hefur komið áður í samskiptum LHM við Umhverfisstofnun þá er LHM ekki sátt við orðalag friðlýsingarinnar og telja að almennt eigi náttúruverndarlög að gilda á friðlýstum svæðum, nema þar sem sérstaklega ber að takmarka þau. Þær aðstæður eru sjaldnast í Þjórsárdal, enda svæðið nokkuð víðlent og er beit t.d. heimiluð á 2/3 svæðisins.

Í kafla um hjólaleiðir segir:

Hjólaleiðir Hjólreiðar innan friðlýsta svæðisins er tegund útivistar sem fer hratt vaxandi og er til dæmis vinsælt að hjóla frá Háafossi að Stöng en sú leið er um 8 km löng.

Hjólreiðar eru alla jafna heimilar á þeim gönguleiðum sem skilgreindar eru á korti að undanskyldum þeim sem liggja um sérstaklega viðkvæma vistgerð og/eða jarðminjar og hafa verið tilgreindar sérstaklega. Kort með skilgreindum hjóla- og gönguleiðum má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Á gönguleiðum hefur fótgangandi umferð ávallt forgang samkvæmt umferðalögum nr. 77/2019.

Stefna

Hjólreiðar innan landslagsverndarsvæðisins skulu ekki valda jarðvegsrofi eða gróðurskemmdum.

Hjólreiðaumferð skal vera stýrð eða takmörkuð á gönguleiðum sem liggja um sérstaklega viðkvæmar vistgerðir og/eða jarðminjar og þar sem gönguleiðir eru torfærar, þröngar eða á einhvern hátt henta ekki bæði gangandi og hjólandi umferð

LHM eru ósátt við Síðasta hluta stefnunar um að leiðir sem eru að mati einhverra torfærar, þröngar eða á einhvern annan henta ekki fyrir hjólandi umferð skuli takmörkuð. Ljóst er að leiðir sem henta ekki hjólreiðamönnum verða lítt farnar af öðrum hjólreiðamönnum en þeim sem ráða við þær. Þeir ættu sjálfir að vera nokkuð dómbærir á hvort að leiðin sé of þröng eða torfær fyrir þeirra getustig, og ættu án efa að geta leitað ráða hjá landvörðum UST, telji þeir sig þurfa. En það er einfaldlega ekki hlutverk UST að ákveða hvað hentar mismunandi hjólreiðamönnum.

Þá tekur kaflinn um forgang fótgangandi af allan vafa um hver beri að víkja og því ljóst að óþægindi gangandi ættu að vera alltakmörkuð.

LHM leggur því til að síðasta málsgreinin orðist: *Hjólreiðaumferð skal vera stýrð eða takmörkuð á gönguleiðum sem liggja um sérstaklega viðkvæmar vistgerðir og/eða jarðminjar*

Á tilvísuðu korti sem er tengd umsögninni, göngu- og hjólaleiðir í Þjórsárdal, og finna má á slóðinni <https://ust.is/library/sida/Nattura/%c3%9ej%c3%b3rs%c3%a1rdalur%20g%c3%b6ngu-%20og%20hj%c3%b3lalei%c3%b0ir.png>

er að finna takmarkanir á hjólreiðum sem ekki verður séð að sé í samræmi við stjórnunar- og verndaráætlunina. Á það helst við um gönguleið upp á Reykholtið og leið á sléttlendum dalbotninum, undir Rauðukömbum, vestan ár.

LHM leggur til að takmarkanir á hjólreiðum á ofangreindum leiðum, upp á Reykholt og undir Rauðukömbum verði aflagðar.

Fyrir hönd Landssamtaka hjólreiðamanna

Haukur Eggertsson

Formaður laganefndar

haukureg@gmail.com

Með kveðju,

Haukur Eggertsson

Farsími: +354 867 8637

Iðnaðarverkfræðingur

Farsími: +354 867 8637